

Fjármálaeftirlitið og NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) gera með sér svohljóðandi:

Samning um staðfestingu tilboðsyfirlita
með vísan til 5. mgr. 113. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

1. gr.

Verkefni falin Kauphöllinni

Fjármálaeftirlitið felur Kauphöllinni að annast staðfestingu tilboðsyfirlita sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð sem tekur til útgefanda sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta í Kauphöllinni.

Ef Fjármálaeftirlitið og/eða Kauphöllin krefjast þess að viðbótarupplýsingar verði gerðar opinberar samkvæmt 2. eða 4. mgr. 113. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti skal Kauphöllin yfirfara viðbótarupplýsingarnar áður en þær eru gerðar opinberar.

Þá felur Fjármálaeftirlitið Kauphöllinni að fylgjast með því að tímafrestur sem kveðið er á um í 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti sé haldinn, þ.e. að aðili geri öðrum hluthöfum yfirtökutilboð eigi síðar en fjórum vikum eftir að hann vissi eða mátti vita um tilboðsskyldu eða niðurstaða um hana lá fyrir.

2. gr.

Upplýsingar í tilboðsyfirlitum

Kauphöllin skal tryggja að við staðfestingu tilboðsyfirlita séu uppfylltar kröfur um form og efnisinnihald í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna settra samkvæmt þeim.

Kauphöllin skal staðreyna, með þeim hætti sem hún getur hverju sinni, hvort tilboðsyfirlit uppfylli skilmála tilboðs sem fram koma í 103. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

3. gr.

Hæfi til yfirlesturs tilboðsyfirlita

Kauphöllin skal hafa yfir að ráða starfsfólki sem hefur færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að sinna staðfestingu tilboðsyfirlita með fullnægjandi hætti.

4. gr.

Túlkun lagaákvæða

Kauphöllin skal óska eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins þegar upp koma tilvik þar sem þörf er á lagatúlkun við framkvæmd verkefna samkvæmt samningi þessum. Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um túlkun laga að höfðu samráði við Kauphöllina.

5. gr.

Heimildir Kauphallar til upplýsingaöflunar og gjaldtöku

Kauphöllinni er heimilt, vegna yfirlestrar tilboðsyfirlita í samræmi við samning þennan, að beita 1. mgr. 138. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti til upplýsingaöflunar.

Þóknun Kauphallarinnar vegna athugunar og staðfestingar tilboðsyfirlita skal vera í samræmi við gjaldskrá Kauphallarinnar hverju sinni.

6. gr.

Gildistaka samnings og uppsagnarákvæði

Samningur þessi öðlast gildi þann 1. október 2009.

Aðilar samnings þessa geta sagt honum upp skriflega með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti og miðast uppsögn við mánaðamót.

Komi til meiriháttar eða endurtekinna vanefnda af hálfu aðila á þeim skyldum sem samningur þessi kveður á um er samningurinn riftanlegur, enda hafi í tilviki endurtekinna vanefnda verið veitt svigrúm til lagfæringa eða úrbóta.


7. gr.

Framkvæmd samnings og upplýsingagjöf

Kauphöllin skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um framkvæmd verkefna samkvæmt samningi þessum á sex mánaða fresti. Í skýrslunni skal vera yfirlit um framkvæmd verkefna á grundvelli samningsins.

Reykjavík, 17. september 2009.

F.h. Fjármálaeftirlitsins



Gunnar P. Andersen, forstjóri

F.h. NASDAQ OMX Iceland hf.



Þórður Friðjónsson, forstjóri.